

51

16. maí

L Ö G

um ráðstöfun á greiðsluafgangi ríkissjóðs árið 1954.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að verja 35 milljónum króna af tekjum ríkissjóðs árið 1954 sem hér segir:

1. Til Ræktunarsjóðs	8	millj. kr.
2. Til Fiskveiðisjóðs	8	— —
3. Lána veðdeild Búnaðarbanka Íslands	4	— —
4. Til greiðslu á framlagi ríkissjóðs fyrir árið 1955 til útrýmingar heilsuspillandi íbúða	3	— —
5. Til greiðslu uppbóta á sparifé	1.5	— —
6. Til Brúasjóðs til endurbygginga gamalla stórbrúa	1.5	— —
7. Greiða upp í hluta ríkissjóðs af stofnkostnaði við skóla, sem þegar hafa verið byggðar eða eru í byggingu	2	— —
8. Greiða upp í hluta ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar hafa verið framkvæmdar	1	— —
9. Að leggja til hliðar upp í framlag ríkisins til atvinnuleysistrygginga	6	— —

Vextir af lánnum samkv. 3. tölulið skulu vera 5½% á ári og lánstími 20 ár.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. maí 1955.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

52

20. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 23 1. febr. 1952, um öryggisráðstafanir á vinnustöðum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

11. gr. laganna orðist svo:

1. gr.

Sérhver, sem ætlar að reisa eða reka meiri háttar verksmiðju eða verkstæði eða breyta eldra fyrirtæki, skal leita umsagnar öryggismálastjóra um, hvort hið fyrirhugaða skipulag sé í samræmi við lög þessi og reglugerðir settar samkvæmt þeim. Í því skyni skal hann láta í té sundurliðaða greinargerð með nægilegum uppdráttum yfir fyrirkomulag véla og húsakynna og öðrum upplýsingum, sem máli kunna að skipta, allt eftir því, sem öryggismálastjóri kann að krefjast.